

MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ

Ár 2021, mánudaginn 28. júní var haldinn 60. fundur menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs. Fundurinn var haldinn með í Ráðhúsinu borgarráðsherbergi og hófst hann kl. 13.35. Viðstödd voru: Hjalmar Sveinsson formaður, Ellen Calmon, Jörunn Pála Jónasdóttir, Baldur Borgbórsson og Erling Jóhannesson áheyrnarfulltrúi BÍL. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fiarfundarbúnaði: Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir varamaður fyrir Katrínu Atladóttur, Pawel Bartoszek og Líf Magneudóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Huld Ingimarsdóttir skrifstofustjóri rekstrar og fiármála hjá menningar- og ferðamálasviði, María Rut Reynisdóttir skrifstofustjóri menningarmála hjá menningar- og ferðamálasviði og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra hjá ÍTR sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. þar sem er tilkynnt að Jörunn Pála Jónasdóttir taki sæti í menningar-, íþróttar- og tómstundaráði í stað Ragnhildar Öldu Vilhjálmisdóttir. Jafnframt er tilkynnt að Ragnhildur Alda taka sæti sem varamaður í ráðinu í stað Egils Þórs Jónssonar.
2. Lögð fram tillaga faghóps dags. 23. júní 2021 að úthlutun styrkja fyrir myndríka miðlun um sögu Reykjavíkur. Samþykkt.
3. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 28. júní 2021, sbr. samþykkt borgarráðs frá 24. júní á tillögu borgarstjóra um stofnun safns Nínu Tryggvadóttur sem staðsett verður í Hafnarhúsinu.
 - Kl. 14:05 víkja Erling Jóhannesson, Huld Ingimarsdóttir og María Rut Reynisdóttir af fundi.
 - Kl. 14:06 taka sæti á fundinum Ómar Einarsson sviðsstjóri íþróttar- og tómstundasviðs, Steinhórr Einarsson skrifstofustjóri hjá íþróttar- og tómstundasviði og Frímánn Ari Ferdinándsson frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur.
4. Lagt fram að nýju bréf borgarstjóra dags. 1. mars 2021 varðandi íþróttastarf í Vogabyggð og Ártúnshöfða. Frestað.
5. Lagt fram að nýju bréf borgarstjóra dags. 27. apríl 2021 með ósk um umsögn ráðsins um erindi Fjölnis og Regins um uppbyggingu keppnisaðstöðu við Egilshöll. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra íþróttar- og tómstundasviðs, dags. 15. júní 2021. Frestað.
6. Lagt fram að nýju bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 22. maí 2021 með ósk um umsögn ráðsins um drög að lýðheilsustefnu Reykjavíkur til 2030. Einnig lögð fram umsögn menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs. Samþykkt.
7. Lagt fram að nýju bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 20. maí 2021 með ósk um umsögn ráðsins um tillögu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um Höfuðborgarkort. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra íþróttar-, og tómstundasviðs, dags. 15. júní 2021.

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Sameiginlegt sund- og menningarkort myndi bæta lífsgæði Reykvíkinga og íbúa annarra sveitarfélaga en þó þarf að huga að ýmsum tækniatriðum samanber

minnisblað íþróttar- og tómstundasviðs Reykjavíkurborgar. Leita mætti eftir því á vettvangi SSH að skoða viðurkenningu ákveðinna korta, t.d. afsláttarkorta fullorðinna í tilraunaskyni.

8. Lagt fram að nýju bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 9. júní 2021 þar sem vísað er til meðferðar menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi samráðshóp um framtíð Skotfélags Reykjavíkur. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra íþróttar- og tómstundasviðs, dags. 15. júní 2021. Samþykkt að fulltrúar íþróttar- og tómstundasviðs, Íþróttabandalags Reykjavíkur og umhverfis- og skipulagssviðs taki upp viðræður við Skotfélag Reykjavíkur vegna málsins.
9. Fram fer umræða um aðgengismál í sundlaugum.
10. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 10. júní 2021, vegna dans- og fimleikahúss í Efra-Breiðholti.
11. Lagt fram bréf sviðsstjóra íþróttar- og tómstundasviðs, dags. 21. júní 2021, vegna frísbíggjufvallar í Leirdal.
12. Lagt fram bréf skíðadeildar Ármanns, dags. 9. júní 2021, vegna skála félagsins í Bláfjöllum. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra íþróttar- og tómstundasviðs, dags. 24. júní 2021.
13. Lögð fram skýrsla starfshóps, dags. 21. júní 2021, um rekstur íþróttar-, menningar- og menntaseturs í Úlfarsárdal.
14. Lagt fram yfirlit yfir styrki ráðsins og styrkveitingar.
15. Lagt fram trúnaðarmerkt yfirlit yfir rekstur íþróttar- og tómstundasviðs janúar-apríl 2021.
16. Fram ver umræða um stöðuleyfi fyrir veitingavagna hjá starfsstöðum íþróttar- og tómstundasviðs. Vísað til meðferðarsviðsstjóra íþróttar- og tómstundasviðs til skoðunar með umhverfis- og skipulagssviði.

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð leggur fram eftirfarandi bókun:

Eðlilegt er að stöðuleyfi fyrir veitingavagna við starfsstaði íþróttar- og tómstundasviðs séu afgreidd í samræmi við reglur borgarinnar og götu- og torgsölu.

Fundi slitið kl. 15:55

Hjálmar Sveinsson

Pawel Bartoszek
Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir
Líf Magneudóttir

Ellen Calmon
Jórunn Pála Jónasdóttir
Baldur Borgþórsson